



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd Reykshólahrepps
Fimmtudaginn 3. mars 2022 kl. 15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykholum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður, Ingimar Ingimarsson og Jóhanna Ösp Einarsdóttir. Einnig sátu fundinn Grettir Örn Ásmundsson byggingafulltrúi, Ívar Örn Þórðarson slökkviliðsstjóri og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Ingimar Ingimarsson og Jóhanna Ösp Einarsdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundabúnað. Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi boðaði forföll.

Fundargerðin er rituð í tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður setti fundinn og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Eitt mál barst og var samþykkt að taka það til afgreiðslu undir önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnanefndar 7. febrúar 2022

Farið yfir fundargerðina, vegna máls 2201011 – Umsókn um stöðuleyfi fyrir vinnubúðir í Djúpadal sem var frestað á fundinum.

Fyrir liggur umsókn Norðurtaks ehf um byggingarleyfi fyrir vinnubúðum alls 547 m² í Djúpadal. Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsóknin um tímabundið byggingarleyfi verði samþykkt og að fallið verði frá grenndarkynningu á grundvelli þess að landeigandi og eini hagsmunaaðili málsins hafi þegar kvittað og gefið leyfi fyrir byggingunni. Samþykkt samhljóða.

2. 2203001 - Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020, breyting vegna vegar um Dynjandisheiði.

Lögð er fram greinargerð og umhverfisskýrsla ásamt uppdrætti.

Skipulagsnefnd Reykshólahrepps gerir ekki athugasemd við framlögð gögn. Samþykkt samhljóða.

3. 2203002 - Fundargerð 441. fundar hafnasambands Íslands.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver):

4. 2203003 - Gjaldskrá fyrir byggingaleyfis- framkvæmda- skipulags- og þjónustugjöld 2022, breyting.

Lögð er fram tillaga að breytingu á gjaldskránni.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja breytingarnar. Samþykkt samhljóða. Nefndin telur að betur færi að embætti skipulags- og byggingafulltrúa gæfi út eina sameiginlega gjaldskrá fyrir sameiginlegt þjónustusvæði.

Farið yfir fundargerðina og fundi slitið kl. 15.15